


	Urriðaholtsskóli	
Kennsluáætlun		
4 kennslustundir á viku. 60 mínútur í senn	<i>Stærðfræði</i> <i>Stíka 1</i>	
	Kennari: Sæbjörg Erla Árnadóttir	

Tegund	Námsgögn
Kennslugögn	Stíka 1a og 1b nemendabók. Æfingahefti notað eftir þörfum. Námsefni af mms.is og víðar af vefnum. Spjaldtölvur.

Annað	Lýsing
Kennslufyrirkomulag	<p>Einstaklingsmiðað nám þar sem nemendur fá námsefni og áætlun við hæfi. Námsefnið er skipt niður í 8 lotur. Markmið kennslunnar er að nemendur læri að bera ábyrgð á námi sínu og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Notast er við fjölbreytt kennslufyrirkomulag, s.s. sýnikennslu, einstaklingsvinnu, sýnikennslumyndbönd og samvinna.</p> <p>Fimi: Með kennslutækninni fimi eru grunnreikniaðgerðir þjálfaðar í gegnum öguð vinnubrögð.</p> <p>Grunnþættir: Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.</p>
Markmið	<p>Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður. Stærðfræðin hefur líka sína eigin fagurfræði, sem nemendur þurfa að fá tækifæri til að kynnast, með því að fást við stærðfræðileg mynstur, form, tengsl og röksemdafærslur frá ólíkum sjónarhornum.</p> <p style="text-align: right;">(Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 208)</p>
<p>Námsmat Lokanámsmat er í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.</p> <p>Matskvarði: 5 tákn. Framúrskarandi Hæfni náð Á góðri leið Þarfnast þjálfunar Hæfni ekki náð</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Leiðsagnarmat • Símat • Stærðfræðikannanir • Virkni í tímum • Verkefni

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar

Dags.	Námsgögn	Markmið	Námsmat
23.08.21-01.10.21	Stika 1a Nemendabók 1. kafli Æfingahefti 1. kafli	Heilar tölur <ul style="list-style-type: none"> • Þekkja negatífar tölur • Geta lesið af hitamæli • Þekkja sætiskerfið og geta skipt tölum í einingar, tugi, hundruð o.s.frv. • Geta lagt saman og dregið frá. • Geta staðsett tölur á talnalínu. • Geta sett upp dæmi og reiknað 	Könnun úr kafla 1.
04.10.21-05.11.21	Stika 1b Nemendabók 7. kafli Æfingahefti 7. kafli	Margföldun og deiling <ul style="list-style-type: none"> • Geta margfaldað tveggja stafa tölur. • Geta deilt í tveggja stafa tölur með eins stafs tölum. • Kunna víxlregluna í margföldun. • Vita að margföldun er endurtekin samlagning. • Vita að deiling er bæði jöfn skipting og endurtekinn frádráttur. • Þekkja tengsl milli margföldunar og deilingar. 	Könnun úr kafla 7.
08.11.21-10.12.21	Stika 1a Nemendabók 2. kafli Æfingahefti 2. kafli	Tölfræði <ul style="list-style-type: none"> • Geta gert ýmsar kannanir. • Geta flokkað og sett fram upplýsingar, á skipulegan hátt og kynnt þær í myndritum. • Geta notað stafræn hjálpartæki við tölfræðilegar kannanir. • Geta lýst helstu niðurstöðum gagna með miðgildi og tíðasta gildi. 	Könnun úr kafla 2.
13.12.21-20.12.21	Upprifjun	Upprifjun	Upprifjun

Dags.	Námsgögn	Markmið	Námsmat
03.01.22-14.01.22	Stika 1a Nemendabók 3. kafli Æfingahefti 3. kafli	Tugabrot <ul style="list-style-type: none"> • Geta skipt einum heilum í tíundu hluta. • Geta skipt tíundu hlutum í hundraðshluta. • Geta námundað tugabrot. • Geta reiknað með slumpreikningi. • Geta lagt saman og dregið frá með tugabrotum. • Margfaldað og deilt með 10. 	Könnun úr kafla 3.
17.01.22-18.02.22	Stika 1a Nemendabók 4. kafli Æfingahefti 4. kafli	Rúmfræði <ul style="list-style-type: none"> • Þekkja helstu þríhyrninga og ferhyrninga. • Geta kannað eiginleika og einkenni forma líkt og lengdir og hornasumma. • Geta hliðrað, speglað og snúið myndum. • Geta notað gráðuboga til að mæla horn. • Geta notað hugtök eins og hvöss horn, rétt og gleið horn. • Geta lýst einföldum mynstrum og búið þau til með því að hliðra eða snúa formi eða mynd. • Geta reiknað ummál þríhyrninga og ferhyrninga. • Geta reiknað hornasummu þríhyrninga og ferhyrninga. 	Könnun úr kafla 4.
28.02.22-25.03.22	Stika 1b Nemendabók 5. kafli Æfingahefti 5. kafli	Mælingar <ul style="list-style-type: none"> • Læra um mælingar í tengslum við lengd, ummál og flatarmál. • Geta breytt einni mælieiningu í aðra. • Unnið með mælieiningarnar mm, cm, dm, m og km. • Mæla ummál marghyrninga. • Skilja flatarmálmælingar. • Kynnist mælikvarða til að stækka og minnka myndir. 	Könnun úr kafla 5.
28.03.22-06.05.22	Stika 1b Nemendabók 6. kafli Æfingahefti 6. kafli	Almenn brot <ul style="list-style-type: none"> • Þekkja hugtökin teljari og nefnari. • Geta teiknað brot á ýmsa vegu. • Geta borið saman almenn brot og fundið jafn stór gildi. • Kunna samlagningu og frádrátt samnefndra brota. • Þekkja tengsl milli tíunduhluta í tugabrotum og í almennum brotum. • Þekkja tengsl milli prósentu og almennra brota. 	Könnun úr kafla 6.
09.05.22-13.05.22	Stika 1b Nemendabók 8. kafli Æfingahefti 8. kafli	Mynstur <ul style="list-style-type: none"> • Læra að búa til mynstur með hliðrun, speglun og snúningi. • Geti notað rökhugsun til að búa til mynstur með myndum og tölum. 	Könnun úr kafla 8.
16.05.22-07.06.22	Frágangur verkefna	Ókláruð verkefni	